

## VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐUR

### 90. stjórnarfundur haldinn í Laugarfelli 3. júní 2015.

Mætt: Ármann Höskuldsson, Ruth Magnúsdóttir, Rósa Björk Halldórsdóttir, Sigrún Helgadóttir, Snorri Ingimarsson og Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri.  
Fjarverandi: Böðvar Pétursson, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir og Reynir Arnarson.

*Fundur hófst kl.10:15*

1. *Dagskrá samþykkt.*

2. *Framkvæmdaáætlun 2015*

ÞHÓ kynnti nýlega framkomna viðbótarfjárveitingu að upphæð alls 197 m.kr., sem stjórnvöld veittu til ákveðinna framkvæmdaverkefna á þessu ári. Samhliða framangreindri viðbótarfjárveitingu til framkvæmda veittu stjórnvöld 10,5 m.kr. til aukinar landvörslu í þjóðgarðinum á þessu ári. Verið er að vinna, með þjóðgarðsvörðum svæðanna, að skiptingu þessara fjármuna á rekstrarsvæði þjóðgarðsins. Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs fagnar auknum fjárveitingum til reksturs og uppbyggingar í Vatnajökulspjóðgarði. Formaður bókar þakkir til Sigrúnar Magnúsdóttur, umhverfisráðherra fyrir að tryggja auknar fjárveitingar til náttúruverndar og varðveislu viðkvæmra svæða inna Vatnajökulspjóðgarðs, sem utan hans.

3. *Þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri*  
Verkefnið er áfram í vinnslu.

4. *Stjórnunar- og verndaráætlun*

Síðasta útgáfa Stjórnunar- og verndaráætlunar var send í yfirllestur íslenskufræðings og ný útgáfa, drög 6, lá fyrir fundinum. Mikil umræða varð um þessa nýju útgáfu, ekki síst orðalag, en ákveðið að halda áfram með vinnu við hana.

SI vakti athygli á því að þessar hugleiðingar bendi til þess að í skjalinu séu víða óþarfar málsgreinar með lítilli eða óljósri merkingu. Hann lýsti þeirri skoðun að svona langt og viðamikilt skjal þyrfti að fjalla í skýru og sem stystu máli um viðfangsefnið og víða væri tækifæri til að stytta texta í þessum tilgangi.

Frá austursvæði kom tillaga að viðbót inn í áætlunina, um landvörslustöð í Krepputungu, við vegamót í Kverkhjúkaskarði, vestan við Lindarfjöll. Sú viðbót færi inn í kafla 9.4.3.

- SH falið að vinna, í samvinnu við íslenskufræðinginn, að orðavali.
- Stefnt að því að ljúka að mestu efnislegri yfirferð á áætluninni á næsta fundi stjórnar.
- Í haust verði lokafrágangur áætlunarinnar unninn og henni í framhaldi komið í lögboðið ferli.

5. *Fræðslustefna*

SH fór yfir stöðu verkefnisins og ákveðið að áfram verði unnið með verkefnið

- Vinnuhópur skili samantekt og tillögum að ramma um verkefnið á næsta stjórnarfundum. Stefnt verði að því að fyrir lok næsta árs liggi fyrir mótaðar tillögur að fræðslustefnu Vjþ. Vinnuhópurinn stilli upp forendum fyrir mati á kostnaði við verkefnið.
- Framkvæmdastjóra falið að taka upp viðræður við VV um verkaskiptingu verkefnisins milli VV og Vjþ og mögulega aðkomu VV að fjármögnun verkefnisins.

## 6. Menntastefna Vjþ

ÁH leggur til að mótuð verði menntastefna Vjþ., sem taki til menntunar starfsfólks þjóðgarðsins.

Einnig var rætt um nýja nálgun á menntun landvarða og þar verði horft til sem fyrirmyndar Endurmenntunar HÍ.

## 7. Atvinnustefna Vjþ

Tekin var umræða um atvinnustefnu þjóðgarðsins, sem liggur fyrir í drögum, en stoð í lögum þjóðgarðsins vantar. Stefnt er að því að frumvarp að breytingu á lögum Vjþ verði lagt fram í haust.

- RBH leggur til að haldnir verði kynningarfundir um atvinnustefnuna með hagsmunaaðilum á rekstrarsvæðum þjóðgarðsins og stjórn leggur til að svæðisráð hvers svæðis hafi forgöngu um slíka fundi.

## 8. Önnur mál

- *Bréf dags. 19. maí 2015, frá Ferðafélagi Íslands*
- Kallað verður eftir greinargerð um þau atriði sem fram koma í bréfinu og þegar sú greinargerð liggur fyrir verður eftir atvikum komið á fundi með viðkomandi.

RM tók til máls undir þessum lið og lýsti áhyggjum sínum af stöðu samninga við Ferðafélagið. Vísaði hún til bókana svæðisráðs austursvæðis á tveimur síðustu fundum þess. Hún nefndi einnig ákvæði í Stjórn.&vernd., sem snúa að samstarfi við hagsmunaaðila innan þjóðgarðsins til að styðja markmið hans.

SI benti í þessu samhengi á nauðsyn þess að móta skýrari framtíðarsýn um hlutverk og stöðu ferðafélaga sem veita þjónustu innan þjóðgarðsins og lagði áherslu á mikilvægi þess að hafa samvinnu við ferðafélögin sem hafa í áratugi byggt upp þjónustu á svæðum sem nú eru innan þjóðgarðsins í þeirri vinnu..

- *Verkaskipting á milli rekstrarsvæða*, umræða um breytingar á því bíður.

### - *Staða í Holuhrauni*

Enn er aukin jarðhitavirkni í Bárðarbungu, sem leitt getur til söfnunar bræðsluvatns og litlu jökulhlaupum í Jökulsá á Fjöllum. Nýlegar mælingar sýna að gasmengun á svæðinu í og við Holuhraun er almennt undir hættumörkum.

Af þessum ástæðum hefur viðbúnaðarstig almannavarna vegna jarðhræringa í Bárðarbungu verið fært af hættustigi niður á óvissustig og lokunum lögreglu á svæðinu aflétt. Þegar hálendisvegir verða opnaðir í sumar, stefnir Vatnajökulsþjóðgarður að því að veita aðgengi að hrauninu eftir merktum gönguleiðum. Að öðru leyti verður umferð um hraunið óheimil, vegna náttúruverndar- og öryggissjónarmiða, en hraunið er friðað skv. náttúruverndarlögum, eins og öll ný hraun og einnig afar úfið og víðast mjög torfært. Vegna þessara aðstæðna verður aukin landvarsla á svæðinu. Umhverfi á

Flæðunum hefur breyst mikið í eldsumbrotunum og óljóst hvernig leysingarvatn frá Dyngjujökli mun finna sér farveg á ný. Auk þess rann hraunið yfir veginn sem liggur um Flæður og því verða ferðaleiðir breyttar.

- *Skoðunarferð stjórnar í Vonarskarð 11.-12. ágúst.*

Rætt var um fyrirhugaða ferð og að í þeirri ferð verði einnig skoðaðar aðstæður í Kverkfjöllum svo og við Holuhraun.

9. Næsti stjórnarfundur verður boðaður síðar, en stefnt á að hann verði í lok ágúst eða byrjun september.

*Fundi lauk kl.16:00*